



Reykjavík, 17. maí 2024  
VEL24050015

Borgarráð

## **Samþykkt velferðarráðs um gerð þjónustusamnings við Bataskóla Íslands**

Á fundi velferðarráðs þann 15. maí 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um gerð þjónustusamnings við Bataskóla Íslands:

Lagt er til að samþykkt verði að velferðarsvið geri þjónustusamning við Bataskóla Íslands til þriggja ára að upphæð allt að 12 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að gildistími samningsins verði frá október 2024 til október 2027. Fjárheimildir rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Tillagan var samþykkt.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um gerð þjónustusamnings við Bataskóla Íslands, ásamt fylgiskjöllum, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. maí 2024.



**Reykjavík**



Reykjavík, 13. maí 2024

VEL24050015

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### Efni: Þjónustusamningur við Bataskóla Íslands

Lagt er til að samþykkt verði að velferðarsvið geri þjónustusamning við Bataskóla Íslands til þriggja ára að upphæð allt að 12 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að gildistími samningsins verði frá október 2024 til október 2027. Fjárheimildir rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

### Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 30. mars 2017 var samþykkt svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 27. mars 2017:

*Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu um stofnun bataskóla að erlendri fyrirmynd í samstarfi við Geðhjálp og er verkefnið til þriggja ára. Heimilað verði árleg tilfærsla kr. 15.000.000 á kostnaðarstað F1700 (fjárhagsaðstoð) á kostnaðarstað V1120 verkefni F5480 (Bataskóli).*

Þann 18. apríl 2017 var Bataskóli Íslands formlega opnaður en skólinn var tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar (velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs) og Geðhjálpar í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landspítala og samráðsvettvang geðúrræða á höfuðborgarsvæðinu. Skólinn hefur frá þeim tíma starfað eftir samþykktum um Bataskóla Íslands og er bæði skipuð stjórn og framkvæmdastjórn við skólann. Skólinn hafði í upphafi aðsetur hjá Námsflokkum Reykjavíkur að Suðurlandsbraut 32, en hefur aðsetur í dag á Menntavísindasviði Háskóla Íslands í Stakkahlíð. Bataskólinn er í dag hluti af starfsemi Virkniúss í samstafi við Geðhjálp. Í upphafi voru tveir verkefnastjórar ráðnir við skólann í 50% starfshlutfalli hvor um sig en í dag starfar deildarfulltrúi í 40% starfshlutfalli ásamt því sem Geðhjálp leggur til verkefnastjóra í 50% starf sem greitt hefur verið fyrir úr rekstri Bataskólans.

Gott samstarf hefur verið við Geðhjálp um skólann, en aðrir aðilar í stjórn skólans hafa ekki komið að skólanum í sama mæli og áður síðustu misseri. Það er sameiginlegt mat Virkniúss og Geðhjálpar að mikilvægt sé að gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi skólans og stefna að því að gera hann að sjálfstæðri einingu til framtíðar. Sem lið í því fyrirkomulagi er lagt til að gerður verði þjónustusamningur við Bataskóla Íslands til þriggja ára. Að þeim tíma liðnum dragi Geðhjálp og Reykjavíkurborg úr stuðningi sínum með



Reykjavík



Það að markmiði að starfsemin fái breiðari fjármögnun en nú er. Það verður því undir Bataskóla Íslands komið og eftirspurnar eftir úrræðinu hvort hægt verði að sækja styrki til að tryggja rekstur skólans til framtíðar. Á undanförum árum hefur Bataskóli Íslands verðið rekinn af styrkjum samhliða 15 m.kr. árlegu framlagi Reykjavíkurborgar, sem mun við samþykkt tillögunnar breytast í allt að 12 m.kr. rekstrarframlag gegnum þjónustusamning við Bataskóla Íslands til þriggja ára.

Bataskólinn er einstakt námsúrræði á Íslandi. Sérstaða hans felst í því að nýta til jafns reynslu notenda og kenningar fagfólks til að efla fólk með geðrænar áskoranir og draga úr fordómum gagnvart geðrænum veikindum milli einstakra hópa og í samfélaginu almennt.

Í skólanum er boðið upp á nám fyrir fólk frá 18 ára aldri með geðrænar áskoranir. Hægt er að velja úr fjölbreyttu úrvali námskeiða sem samin eru í samvinnu sérfræðinga og fólks með reynslu af geðrænum áskorunum. Sjálft námsefnið er valið af nemendum hverju sinni og er nemendum að kostnaðarlausu. Unnið er eftir batamiðaðri hugmyndafræði. Námið samanstendur af námskeiðum sem nemendur geta tekið á sínum hraða en almennt er miðað við að nám í Bataskóla Íslands sé þrjár annir. Hvert skólaár samanstendur af þremur önnum, haustönn, vetrarönn og vorönn. Geta namar hafið nám í skólanum á hverri önn.

Upphaflegt markmið skólans var að ná til ungs fólks með geðrænar áskoranir sem var utan náms og vinnumarkaðar (NEET hópurinn) og veita því stuðning og hvatningu til áframhaldandi náms og/eða annarrar virkni. Það er mat velferðarsviðs að þrátt fyrir að þetta markmið hafi ekki náðst að fullu, þá sé ennþá eftirspurn eftir því að sækja námskeið við Bataskólann. Á árinu 2023 stunduðu 112 nemendur nám við Bataskóla Íslands og það sem af er ári 2024 (vetrarönn og vorönn) eru nemendur samtals 95 talsins. Samtals eru 50 pláss á önn, og hefur aðsókn aukist síðustu ár og er nú alltaf einhver biðlisti eftir að komast að. Fjölbreyttur hópur stundar nú nám við Bataskólann og er stærstur hluti með lögheimili í Reykjavík eða um 70%. Um þriðjungur nema skólans, það sem af er skólaárinu 2023 – 2024, er á aldrinum 18-35 ára. Um 26% nema eru á aldrinum 36-45 ára um fjórðungur nema er á aldrinum 46-55 ára. Fæstir eða 19% eru 56 ára eða eldri. Tæpur þriðjungur nema árið 2023-2024 eru karlar eða 28% og um 72% nema eru konur. Athygli vekur að Bataskólinn virðist því ná betur til kvenna en almennt taka fleiri karlar þátt í virkniúrræðum á vegum Virknihúss að TINNU undanskilinni. Þó svo að ástæður hvers og eins fyrir þátttöku í Bataskólanum séu mismunandi þá hefur það færst í aukana síðustu misseri að þátttaka í Bataskólanum sé tekin gild sem hluti af endurhæfingaráætlunum þeirra sem eru í virkri endurhæfingu og eru með endurhæfingarlífeyri til framfærslu. Í þeim tilvikum veita nemendur sjálfir heimild til að veita hluteigandi aðilum upplýsingar um mætingar og virkni í Bataskólanum.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 13. maí 2024



|                          |                                      |
|--------------------------|--------------------------------------|
| Númer skjals:            | FMS-EBL-029                          |
| Skjalalykill:            | 02.01 Fjárhagsáætlun                 |
| Útgáfa:                  | 1                                    |
| Útgáfudags:              | 13.07.2018                           |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2018 / 2019                          |
| Ábyrgðarmaður:           | Deildarstjóri áætlunar og greiningar |

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

|                    |   |
|--------------------|---|
| Dagsetning:        | 13. maí 2024  |
| Svið:              | Velferðarsvið   |
| Unnið af:          | Kristjana Gunnarsdóttir   |
| Verkefni/tillaga:  | Tillaga um að gerður verði þjónustusamningur við Bataskóla Íslands til 3ja ára. að upphæð 12.000.000 kr. á ári. |
| Þjónustupáttur:    | Fjárhagsaðstoð til framfærslu – virkni og ráðgjöf   |
| Stofnun/kostn.st.: | F 3505  |
| Fjárhæð:           | 12 m.kr. á ári.   |
| Annað:             |   |

### Jafnréttisskímun:

#### Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Tillagan felur í sér að gerður verði þjónustusamningur við Bataskóla Íslands til 3ja ára. Bataskóli Íslands hefur starfað frá árinu 2017 í samstarfi velferðarsviðs, Geðhjálp og fleiri aðila. Í skólanum er boðið uppá nám fyrir fólk frá 18 ára aldri með geðrænar áskoranir. Unnið er eftir batamiðaðri hugmyndafræði. Upphaflegt markmið skólans var að ná til ungs fólks með geðrænar áskoranir og veita því stuðning og hvatningu til áframhaldandi náms. Markmið tillögunnar er að gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi skólans og stefna að því að gera hann að sjálfstæðri einingu til framtíðar.

#### Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Skólinn hefur sinnt fjölbreyttum notendahópi. Á árinu 2023 stunduðu 112 nemendur nám við skólann og það sem af er ári 2024 (vetrarönn og vorönn) eru nemendur samtals 95 talsins. Samtals eru 50 pláss á önn, og hefur aðsókn aukist síðustu ár og er nú alltaf einhver biðlisti eftir að komast að. Um þriðjungur nema skólans, það sem af er skólaárinu 2023 – 2024, er á aldrinum 18-35 ára. Um 26% nema eru á aldrinum 36-45 ára um fjórðungur nema er á aldrinum 46-55 ára. Fæstir eða 19% eru 56 ára eða eldri. Tæpur þriðjungur nema árið 2023-2024 eru karlar eða 28% og um 72% nema eru konur. Athygli vekur að Bataskólinn virðist því ná betur til kvenna en almennt taka fleiri karlar þátt í virkniúrræðum á vegum Virkniúss að TINNU undanskilinni (úrræði fyrir mæður sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu/örokulífeyri). Þátttaka þeirra kann að skýrast af samfélagslegri stöðu kvenna en fleiri konur en karla eru með kvíða, þunglyndi og áfallastreytu og bera auk þess ábyrgð á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum sem geta takmarað tækifæri þeirra til virkni utan heimilis. Eins og staðan er í dag hefur Bataskólinn ekki getað boðið uppá námskeið á öðru tungumáli en íslensku.

#### Hvaða hópa snertir tillagan?

Hóp fólks, á öllum aldri og öllum kynjum, sem hafa reynslu af geðrænum áskorunum og vilja auka getu sína til að stunda nám eða vinnu. Ekki þarf neina tilvísun eða greiningu til að komast í bataskólann, einstaklingar meta sjálf hvort þau sækji námið og það er gjaldfrjálst.

#### Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Hópur fólks, sem upplifir geðrænar áskoranir, hefur átt í erfiðleikum með að finna sig innan almenna menntakerfisins. Bataskólinn virðist ná til þessa hóps en Bataskólinn er einstakt námsúrræði á Íslandi. Sérstaða hans felst í því að nýta til jafns reynslu notenda og kenningar fagfólks til að efla fólk með geðrænar áskoranir og draga úr fordómum gagnvart geðrænum veikindum milli einstakra hópa og í samfélaginu almennt.

---

|   |
|---|
| <b>Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni?<sup>1</sup></b> |
|---|

|      |
|------|
| Nei. |
|------|

---

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.